

7. fundur Ferðamálaráðs
12. nóvember 2015 kl. 11- 13

Mættir: Páll Marvin Jónsson varaformaður, Ásbjörn Björgvinsson, Jón Ásbergsson, Díana Mjöll Sveinsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir.

Gestir: Hörður Þórhallsson, framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála.

Ritari: María Reynisdóttir, skrifstofa viðskipta, nýsköpunar og ferðaþjónustu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Þórey Vilhjámsdóttir formaður Ferðamálaráðs forfallaðist og Páll Marvin Jónsson varaformaður tók að sér fundarstjórn í hennar fjarveru. Vegna þessa og dræmrar mætingar var ákveðið að stytta fundinn og fresta komu iðnaðar- og viðskiptaráðherra og umræðu um skýrslu um íbúðagistingu frá Háskólanum á Bifröst til næsta fundar 3. desember.

A. Stjórnstöð ferðamála – Hörður Þórhallsson

Hörður Þórhallsson, nýr framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála kynnti hvernig hann sér fyrir sér fyrirkomulag og starfsemi Stjórnstöðvarinnar sem er fjármögnuð í sameiningu af atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytinu og Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF). Hugmyndin er að halda umfangi stjórnstöðvarinnar í lágmarki en leita þeim mun meira til grasrotarinnar og nýta þá þekkingu og reynslu sem er úti í „feltinu“. Samkvæmt Herði þá verða mannráðningar hafðar í lágmarki en líklega verði ráðinn starfsmaður til að leiða hópavinnu. Hann sér fyrir sér að búnir verði til hópar utan um forgangsverkefni 18 sem nefnd eru í Vegvísi í ferðaþjónustu. Forgangsraða þarf þeim svo eftir skammtíma - og langtímaávinningi.

Fram kom í máli Harðar að á fyrsta stjórnarfundi Stjórnstöðvar ferðamála nýverið voru menn mjög jákvæðir og mikill áhugi er fyrir því að koma málum í framkvæmd. Ákveðið var að hefja strax vinnu við tvö forgangsverkefni sem eru sérstaklega brýn v. fjárlagagerðar:

- Endurskoðun á Framkvæmdasjóði ferðamannastaða – verður tekið fyrir á næsta stjórnarfundi
- Söfnun áreiðanlegra gagna til grundvallar ákvarðanatöku og markmiðasetningar í greininni – vinna er hafin hvað þetta varðar með Ferðamálastofu og SAF

Önnur forgangsverkefni eru stærri og þurfa meiri tíma til að komast af stað.

Einnig verður myndaður tengiliðahópur sem virkar sem tenging inn í m.a. ráðuneytin, Ferðamálastofu og SAF og sem er aðgengilegur til skrafs og ráðagerða. Þegar er byrjað að setja saman þennan hóp og var tekið fram að mikilvægt sé að finna öflugan einstaklinga í hann til þess að framvinda mála gangi hratt og örugglega fyrir sig.

Þá verður stofnaður aðgerðahópur fyrir 2016 en taka þarf vel á móti væntanlegum metfjölda ferðamanna næsta sumar. Einhver verkefni þarf því að ráðast í og fá fjármagn í strax þó til bráðabirgða sé. Úttekt Eflu á salernisaðstöðu var nefnd í þessu samhengi.

Rætt var um að markaðsstofur landshlutanna gegni lykilhlutverki í vinnunni framundan. Mikilvægt er að þær komi að vinnunni og séu tengiliður Stjórnstöðvarinnar inn í landshlutana. Veikleiki þeirra er

að oft er bara um einn starfsmann að ræða og því mikið álag á þeim, starfsmannavelta getur verið mikil og fjármagnsskortur hrjáir þær. Leita þarf því leiða til að efla þá starfsemi sem markaðstofurnar sinna í landshlutunum. Að sama skapi má, í allri umræðunni um landsbyggðina, höfuðborgin ekki gleymast sem stærsti ferðamannastaður landsins.

Þá eru stefnumótandi stjórnunarátlanir mikilvægt forgangsattriði sem mun fara fljótt af stað en mun taka tíma – sveitarstjórnir eru komnar mislangt og munu þurfa mismikinn stuðning. Samhæfð aðferðafræði er mikilvæg hér til að mynda góða og heildstæða áætlun fyrir áfangastaðinn Ísland og til að meta fjárförf í stök verkefni á hverju svæði fyrir sig í kjölfarið.

Ábending kom um að æskilegt sé í orðræðunni að tala um „fjárfestingar“ en ekki „fjárframlög“ varðandi fjármögnun verkefna.

Endanleg staðsetning Stjórnstöðvar er enn ekki ljós. Rætt var um að hlutlaus vettvangur sé bestur en etv. æskilegt að hún sé staðsett nálægt hins nýstofnaða Startup tourism og ferðapjónustuklasanum. Hörður mun einnig fá nýtt netfang. Hann ítrekaði að öllum er velkomið að koma með hugmyndir að fyrra bragði inn í Stjórnstöðina, það verður gott aðgengi að henni.

Vilji er til að fá Hörð aftur á fund Ferðamálaráðs þegar vinna Stjórnstöðvar er komin vel af stað.

B. Skýrsla um íbúðagistingu

Nýútkominni skýrslu um íbúðagistingu frá Háskólanum á Bifröst var fagnað sem gott innlegg sem og vinnunni við frumvarp til breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Ein þjónustugátt fyrir öll leyfismál er talið mjög gott mál, einnig að slakað verði á kröfum um leyfi hjá einstaklingum sem vilja leigja út til ferðamanna til skamms tíma.

Ákveðið var að fresta frekari umræðu um skýrsluna til næsta fundar.

C. Önnur mál

Rætt var um mál sem æskilegt væri að taka fyrir hjá Ferðamálaráði:

Nafnlaust og leyfislaust hvalveiðifyrirtæki á vegum hrefnuveiðimanna í Hafnarfirði er að auglýsa hvalveiðiferðir fyrir ferðamenn. Þetta þarf að athuga en afar vafasamt er að leyfa óþjálfuðu fólki að veiða slík dýr.

Sigling skemmtiferðaskipa inn í Jökulfirði og mögulega víðar. Hér er um að ræða friðlönd sem um gilda ákveðnar reglur og þar sem er engin þjónusta eða skipulögð aðstaða er til staðar. Þarna koma stórir hópar í fjöruna og valda ágangi, það eru engin grindverk, tollverðir eða hafnargjöld. Hvað ef gerist slys? Hvaða reglur er hægt að setja t.d. um takmarkanir á hópastærð? Reglur um skemmtiferðaskipin í heild sinni þarf einnig að endurskoða og þá m.a. hvort beri að takmarka þau. Farþegar skemmtiferðaskipa valda álagi á ferðamannastaði og skilja minna eftir sig en aðrir ferðamenn. Skipaþróunin hefur verið úr samhengi við aðra þróun og þjónustan einkennst af reddingum – t.d. óvant fólk sem þekkir etv. ekki svæðið fengið í leiðsöguvinnu sem er hættulegt því þá verður ferðamaðurinn óánægður og allir tapa á því á endanum. Þeirri hugmynd var velt upp að halda málþing um skemmtiferðaskipin með Ferðamálastofu, Íslandsstofu og hafnaryfirvöldum.

Einnig var rifjuð upp hugmynd um málþing um afþreyingarferðamennsku en reglur skortir varðandi hana. Dæmið um þróunina á Tröllaskaga nefnt í því samhengi þar sem þyrluumferð eykst og verið er að kaupa upp jarðir með tilheyrandi hættu á að einkenni svæðisins breytist. Huga þarf að skipulagi og skilgreina upplifun svæðisins.

Rætt var hvort sérfræðingur gæti komið á fund Ferðamálaráðs til að ræða þessi mál t.d. frá Umhverfisstofnun eða Skipulagsstofnun.

Einnig var rætt um flugið til Egilstaða sem hefst 28. maí en ferðapakkar eru komnir í sölu. Mikil ánægja er með hversu mikil vinna hefur verið lögð í svæðið. Fólk er svolítið á tánum með að dæmið muni ganga upp en allir vona það besta.

Fundi slitið kl. 12:10.